

Sóknarfæri í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun hjá grunnskólum Reykjavíkurborgar

Lokaniðurstöður tilraunaverkefnis um þróun aðferðafræði
kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar í grunnskólum.

Samstarf Fjármála- og áhættustýringarsviðs við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

Desember 2020



Reykjavíkurborg

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
Aðferðafræði	4
Tillögur	5
Tillaga 1: Deililíkan fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar taki mið af fjölbreytileika samfélagsins	5
Tillaga 2: Efla móðurmálskennslu	5
Tillaga 3: Efla jafnréttisáherslur í innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar	6
Tillaga 4: Kynjafræði kennd í öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar	6
Tillaga 5: Efla kynheilbrigðisfræðslu	6
Tillaga 6: Vinna gegn kynferðiseinelti	7
Tillaga 7: Fjölga starfsfólki Jafnréttisskólans	7
Tillaga 8: Fjölga jafnréttistengdum verkfærum í verkfærakistu menntastefnu Reykjavíkurborgar	8
Tillaga 9: Átaksverkefni við að auka efni skólabókasafna um margbreytileika.....	8
Tillaga 10: Brjóta upp kynjaðar staðalímyndir í náms- og starfsráðgjöf grunnskóla.....	8
Tillaga 11: Bæta aðgengi að öllu skólastarfi óháð atgervi og aðstæðum	8
Tillaga 12: Heimanám afnumið.....	9
Tillaga 13: Morgunmaturlausn í boði í skólanum nemendum að kostnaðarlausu	9
Tillaga 14: Störf foreldra innan skólans endurspegli fjölbreyttan foreldrahóp.....	9
Tillaga 15: Tryggja að starfsfólk sem ekki talar íslensku geti sótt íslenskukennslu á vinnutíma	9
Greinargerð: Skólastarf í kynjuðu og margbreytilegu samfélagi	10
Tillaga 1: Deililíkan fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar taki mið af fjölbreytileika samfélagsins	10
Tillaga 2: Efla móðurmálskennslu	11
Tillaga 3: Efla jafnréttisáherslur í innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar	11
Tillaga 4: Kynjafræði kennd í öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar	12
Tillaga 5: Efla kynheilbrigðisfræðslu	14
Tillaga 6: Vinna gegn kynferðiseinelti	16
Tillaga 7: Fjölga starfsfólki Jafnréttisskólans	17
Tillaga 8: Fjölga jafnréttistengdum verkfærum í verkfærakistu menntastefnu Reykjavíkurborgar	19
Tillaga 9: Átaksverkefni við að auka efni skólabókasafna um margbreytileika.....	19
Tillaga 10: Brjóta upp kynjaðar staðalímyndir í náms- og starfsráðgjöf grunnskóla.....	20
Tillaga 11: Bæta aðgengi að öllu skólastarfi óháð atgervi og aðstæðum	20
Tillaga 12: Heimanám afnumið.....	21
Tillaga 13: Morgunmaturlausn í boði í skólanum nemendum að kostnaðarlausu	22
Tillaga 14: Störf foreldra innan skólans endurspegli fjölbreyttan foreldrahóp.....	22
Tillaga 15: Tryggja að starfsfólk sem ekki talar íslensku geti sótt íslenskukennslu á vinnutíma	22
Viðauki I – gagnaöflun fasi 1	23
Viðauki II – gagnaöflun fasi 2	26

Inngangur

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlunargerð hjá Reykjavíkurborg er liður í aðgerðaáætlun borgarinnar í jafnréttismálum sem byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (hér eftir jafnréttislög), mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum sem borgin undirritaði 20. október 2009.

Með jafnréttislögum felst viðurkenning á því að staða kynjanna er ólík og ójöfn í íslensku samfélagi og við því beri að bregðast. Það er stefna stjórnvalda, sett fram í markmiðum laganna, að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu, vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði, gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf, efla fræðslu um jafnréttismál, vinna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni og breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla. Sveitarfélög bera einnig skyldur samkvæmt lögnum. Hafa ber í huga að karlar og konur eru ekki tveir einsleitir hópar og að ekki allir skilgreina sig sem annaðhvort kvenkyns eða karlkyns. Með mannréttindastefnu leggur Reykjavíkurborg áherslu á að vinna gegn margþættri mismunun, og hefur einsett sér að vinna gegn kynjamisrétti, og jafnframt mismunun og jaðarsetningu vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnámálaskoðana, trúleysis, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.¹

Jafnrétti er einn af sex grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá grunnskóla 2011, en grunnþættirnir eiga að vera leiðarljós í menntun og starfsháttum grunnskóla.² Í lögum um grunnskóla og í aðalnámskrá fyrir grunnskóla er kveðið á um jafnrétti í víðum skilningi og jafnframt lögð áhersla á að kyn fléttist saman við alla aðra þætti mismununar. Menntastefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030, „Látum draumana rætast“, byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er í takt við aðalnámskrá leik- og grunnskóla og aðrar stefnur á skóla- og frístundasviði og Reykjavíkurborg.³ Í þessari umfjöllun er fjallað um *kynja+ jafnrétti* til að gangast við því að kynjamisrétti og annað misrétti eru samtvinnuð og er því best að ávarpa það með þessa margþættu mismunun í huga.⁴

Markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar er að breyta stefnum, áætlunum og fjárhagslegum ákvörðunum svo þær stuðli að kynja+ jafnrétti. Með þessu er verið að skapa meiri samfellu milli nýtingar á opinberu fé og félagslegra skuldbindinga. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun knýr áfram samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða,⁵ en í samræmi við jafnréttislög ber að vinna að kynjasamþættingu við alla stefnumótun og áætlanagerð á öllum sviðum sveitarfélaga og í skóla- og uppeldisstarfi.

Skóla- og frístundamál eru stærsti útgjaldaliður Reykjavíkurborgar, en á þeim vettvangi eru fjölmörg tækifæri til að stuðla að auknu jafnrétti. Að frumkvæði Fjármálaskrifstofu (nú Fjármála-

¹Reykjavíkurborg (2016) Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna_rvk_efnisyfirlit.pdf

²Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2013) *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011. Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

³Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. (e.d.) *Látum draumana rætast*. Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030. Sótt af https://menntastefna.is/wp-content/uploads/2019/08/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf.

⁴Verloo, M., Acar, F., Baer, S., Ruesta, M. a. B., Jalušić, V., Mergaert, L., . . . Zentai, V. (2011) *Final QUING Report*. Vienna: Institute for Human Sciences.

⁵O'Hagan, A. (2018) Conceptual and institutional origins of gender budgeting. Í A. O'Hagan og E. Klatzer (ritstj.), *Gender Budgeting in Europe: Developments and Progress* (bls. 19-42). New York, London: Palgrave Macmillan.

og áhættustýringarsvið) Reykjavíkurborgar í samstarfi við Skóla- og frístundasvið var farið af stað með verkefni sem hefur það að markmiði að þróa aðferðir til þess að innleiða kynjaða fjárhags- og starfsáætlun í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Þrír grunnskólar tóku þátt í verkefninu: Ingunnarskóli, Hólabrekkuskóli og Háteigsskóli.

Margar aðferðir hafa verið þróaðar til að innleiða kynjuð fjármál, en allar eiga þær sameiginlegt að byggja á þekkingu á ólíkri og ójafnri stöðu kynjanna í samfélaginu og áhrifum fjárhagslegra ákvarðana.⁶ Lagt er til að við innleiðingu á kynjuðum fjármálum í grunnskólum Reykjavíkurborgar verði byggt á stefnumiðuðum kynjuðum fjármálum (e. *policy-based gender budgeting*). Stefnumiðuð kynjuð fjármál byggja á fyrirliggjandi þekkingu og gögnum, valin eru forgangsmatiði og teknar ákvarðanir sem eru líklegar til að stuðla að jafnrétti, félagslegu réttlæti og jöfnuði.⁷ Með þessari aðferð er fjármunum og öðrum gæðum (s.s. tíma) nýtt til að mæta fyrrnefndum markmiðum jafnréttis laga og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Fyrirliggjandi fræðileg þekking og niðurstöður rannsóknarinnar leiddi í ljós fjölmörg tækifæri til að stuðla að jafnrétti í skólasamfélaginu og eru hér lagðar fram 15 tillögur að úrbótum.

Áður en tillögur um hvernig megi innleiða kynjaða fjárhags- og starfsáætlun hjá grunnskólum Reykjavíkurborgar eru kynntar, er farið yfir aðferðarfræði rannsóknarinnar. Í lokakafla skýrslunnar má finna greinargerð, en þar er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar og fræðilega þekkingu sem liggja til grundvallar tillögum til úrbóta.

⁶ Susan Himmelweit (2018) Gender equality impact assessment: A core element of gender budgeting. Í Angela O'Hagan og Elisabeth Klatzer (ritstj.), *Gender budgeting in Europe: Developments and challenges* (bls. 89-108). New York, London: Palgrave Macmillan.

⁷ Klatzer, E., Addabbo, T., Alarcon-García, F. og O'Hagan, A. (2018) Developments in practice: Methodologies and approaches to gender budgeting. Í Angela O'Hagan & Elisabeth Klatzer (ritstj.), *Gender Budgeting in Europe: Developments and Challenges* (bls. 109-134). New York, London: Palgrave Macmillan; Bettio, F. og Rosselli, A. (2018). Gender budgeting in Italy: A laboratory for alternative methodologies? Í Angela O'Hagan & Elisabeth Klatzer (ritstj.), *Gender Budgeting in Europe: Developments and Challenges* (bls. 199-220). New York, London: Palgrave Macmillan.

Aðferðafræði

Tillögurnar eru byggðar á rannsókn sem framkvæmd var í samstarfi við skóla- og frístundasvið og þrjá grunnskóla borgarinnar Ingunnarskóla, Háteigsskóla og Hólabrekkuskóla í júní 2019 til október 2020. Skipta má ferli gagnaöflunarinnar upp í þrjá fasa.

Í fyrsta fasa var öllum opinberum upplýsingum er varða stefnumótun og ákvarðanatöku grunnskóla safnað á kerfisbundin hátt, s.s. lög og reglugerðir, Aðalnámskrá grunnskóla, Menntastefna Reykjavíkurborgar, umfjöllun um málefnasviðið í fjármálaáætlun 2020-2024, viðmið vegna ytra mats og innra mats, og ýmsar skýrslur um framkvæmd stefnu stjórnvalda. Jafnframt var aflað fyrirbyggjandi gagna er varða skipulag og starfsemi grunnskóla Reykjavíkurborgar almennt og meðal þriggja samstarfsskólanna, s.s. upplýsingar um deililíkan grunnskóla borgarinnar, niðurstöður ytra mats, starfsáætlanir, skólanámskrár og ýmsar áætlanir og upplýsingar er varða skólastarfið. Yfirlit yfir aðgengileg gögn og tillögur að frekari gagnaöflun var kynnt fyrir fulltrúum skóla- og frístundasviðs, fjármálaskrifstofu og skólastjórum samstarfsskólanna á startfundi verkefnisins 16. maí 2019 (sjá viðauka 1).

Í öðrum fasa var gagna aflað frá skóla- og frístundasviði og samstarfsskólunum, s.s. óaðgengilegar upplýsingar listaðar í fasa 1, fjárhagsáætlanir og uppgjör, upplýsingar um skipulag stuðnings við nemendur (m.a. almenna sérkennslu, við fatlaða nemendur, barna sem eru ekki með íslensku að móðurmáli), tölfræðiupplýsingar (m.a. um lýðfræði og félagslega þætti, starfsfólk, nemendur og þátttöku foreldra í skólastarfinu) og aðrar upplýsingar um starfsemi sviðsins og skólans (m.a. framboð og nýting á sérfræðiþjónustu borgarinnar, þróunarstarf og samskipti heimili og skóla) (sjá viðauka 2). Í gagnaöflunarferlinu heimsótti rannsakandi, ásamt verkefnisstjóra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar Reykjavíkurborgar, alla samstarfsskólana í maí 2019. Jafnframt fóru rannsakandi og verkefnisstjóri kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar á tvo fundi í maí 2019 og júní 2020 með fjórum fulltrúum skóla- og frístundasviðs til að fá frekari innsýn inn fjárhagslega stefnumótun og ákvarðanatöku grunnskólanna.

Í þriðja fasa gagnaöflunarinnar voru tekin átta viðtöl við fulltrúa skóla- og frístundasviðs og stjórnendur og starfsfólk samstarfsskólanna. Viðtölin voru hálf-stöðluð og snéru að skipulagi skólastarfsins með tilliti til jafnréttismála, stefnu um skóla án aðgreiningar; jafnréttismenntunar; kynheilbrigðisfræðslu; eineltis, kynferðislegrar áreitni og kynferðiseineltis; kynjaðs náms og starfsvals; samstarfs heimilis og skóla með sérstaka áherslu á heimsfaraldur Covid-19; frístundastarfs; og starfsmannamála. Viðtölin voru á bilinu 20-55 mínútur. Gagnaöflun viðtalanna fór fram í september 2020.

Gögn rannsóknarinnar voru greind með innihaldsgreiningu, en sérstök áhersla var á kynja- og jafnréttissjónarmið og tækifæri til að stuðla að kynja+ jafnrétti. Gagnaöflun miðaði við skólaárið 2018-2019, en þar sem verkefnið dróst vegna tafa á öflun gagna hjá skóla- og frístundasviði og grunnskólunum og heimsfaraldurs Covid-19, er í ýmsum tilfellum stuðst við nýrri upplýsingar. Niðurstöður rannsóknarinnar og tillögur að því úrbótum voru kynntar á samráðsfundi með fulltrúum skóla- og frístundasviðs, fjármála- og áhættustýringarsviðs og samstarfsskólanna í desember 2020.

Hér verða kynntar tillögur byggðar á niðurstöðum rannsóknarinnar um hvernig megi innleiða kynjaða fjárhags- og starfsáætlun í starfi grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Tillögur

Rannsóknin leiddi í ljós fjölmörg tækifæri til að stuðla að jafnrétti í skólasamfélaginu og eru hér lagðar fram 15 tillögur að úrbótum. Tillögurnar byggja á nálgun stefnumiðaðra kynjaðra fjármála (e. *policy-based gender budgeting*), en með þeim hætti er fjármunum og öðrum gæðum forgangsraðað í aðgerðir sem stuðla að jafnrétti, félagslegu réttlæti og jöfnuði.

Tillaga 1: Deililíkan fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar taki mið af fjölbreytileika samfélagsins

Það er gert með því að:

- a) Deililíkanið taki tillit til lýðfræðilegra upplýsinga í skólahverfi við úthlutun fjármagns til grunnskóla, s.s. með LOI stuðli (e. *Learning opportunity index*) Skóla- og frístundasviðs. Með þeim hætti eru skólar betur í stakk búnir til að sinna nemendum sem mæta áskorunum í námi.
- b) Auka fjáruúthlutun til að styðja við nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Ekki tekst að mæta þessum hópi nægilega vel með þeim úthlutunarviðmiðum sem eru í gildi. Nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru máli. Jafnframt þarf að styðja við nemendur sem ekki tala íslensku við annað nám og koma í veg fyrir frekari jaðarsetningu þeirra innan skólans.⁸
- c) Aftengja deililíkanið við greiningar sérfræðinga og sérhæfðra stofnanna. Talsvert fleiri drengir en stúlkur eru greindir með ADHD, en talið er líklegt það sé vegna vangreiningar meðal stúlkna.⁹ Jafnframt er langur biðtími er eftir greiningum og óvíst hvort það sé trygging fyrir viðunandi lausn. Finna þarf aðrar leiðir til að tryggja öllum nemendum jafngild námstækifæri.¹⁰

Tillaga 2: Efla móðurmálskennslu

Samkvæmt grunnskólalögum skal stefnt að virku tvítyngi nemenda. Aftur á móti er sérstök móðurmálskennsla er ekki lögbundin fyrir alla nemendur og er hennar hvergi getið í viðmiðunarstundaskrá, en talið er æskilegt að nemendur fái tækifæri til að rækta móðurmál sitt. Því er lagt til að skóla- og frístundasvið, t.d. í samstarfi við starfandi móðurmálsskóla, finni frekari leiðir til að bjóða upp á fjölbreytta móðurmálskennslu sem hægt væri að bjóða upp á í fjarnámi eða á skólatíma í hverfum borgarinnar.

⁸ Eva Harðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir (2018) „Að þreifa sig áfram í myrkrinu“ Ríkjandi stefnur og straumar um ungt flóttafólk í íslensku grunn- og framhaldsskólakerfi, Stjórnmal og stjórnsýsla, 14(3): 183-204.

⁹ Ingibjörg Karlsdóttir (2013) ADHD og farsæl skólaganga. Kópavogur: Menntamálastofnun; Brynjar Emilsson, Emil Einarsson og Sigurlín Hrund Kjartansdóttir (2009) Greiningar sálfræðinga á fullorðnum með ofvirkni (ADHD), Geðvernd, 38: 19-24.

¹⁰ Guðbjörg Ólafsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir (2017) Milli steins og sleggju. Hugmyndir umsjónarkennara um faglegt sjálfstæði sitt til að tryggja fulla þátttöku allra nemenda í efstu bekkjum grunnskóla, Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun.

Tillaga 3: Efla jafnréttisáherslur í innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar

Þetta er m.a. gert með því að:

- a) samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við gátlista fyrir starfsstaði til að meta og efla innleiðingu áhersluþátta menntastefnunnar.¹¹
- b) gerð verði aukin krafa um jafnréttisáherslur í styrkjum Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna til að bregðast við áskorunum við innleiðingu menntastefnu.¹² Er þetta í samræmi við áherslur í styrkjahandbók Reykjavíkurborgar sem kveður á um að styrkir skulu m.a. vera metnir með tilliti til þess hversu vel þeir falla að Mannréttindastefnu borgarinnar.¹³

Tillaga 4: Kynjafræði kennd í öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar

Kynjafræði, þar sem kynjajafnréttisfræðsla er samtvinnuð við margbreytileikasjónarmið, kennd í öllum grunnskólum. Mikilvægt er að fræðsla sé samfelld, ítarleg og vinni að því að brjóta upp kynjuð valdatengsl, kynjatvíhyggju, eðlishyggju, hefðbundnar hugmyndir um kynhlutverk, staðalmyndir kynjanna, ráðandi og íhaldssamar karlmennskuhugmyndir og gagnkynhneigt forræði. Jafnframt fjalla um fjölbreytileika kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kynhneigða.¹⁴ Lagt er til að sett verði stefna með tímaáætlun um hvernig eigi að innleiða kynjafræði í alla grunnskóla borgarinnar, en fyrsta skrefið væri að allir grunnskólar bjóði upp á kynjafræði sem valfag.

Tillaga 5: Efla kynheilbrigðisfræðslu

Nemendur fái reglulega og yfirgripsmeiri kynheilbrigðisfræðslu. Mikilvægt er að kynheilbrigðisfræðslan sé sniðin að því sem brennur á ungu fólki, s.s. tilfinningum, samskiptum og mörkum, muninum á kynlífi og klámi, og almennri kynheilsu.¹⁵ Nálgast þarf fræðsluna út frá fjölbreytileika nemenda og veita öllum nemendum kynfræðslu óháð fötlun og hinsegin kynverund. Lagt er til að stutt verði áfram við verkefni Jafnréttisskólans um kynheilbrigði, VikaSex og tilraunaverkefni um kynheilbrigði, en reynslan sýnir að þróunarverkefni hafa tilhneigingu til að gufa upp þegar þeim lýkur.¹⁶

¹¹ Reykjavíkurborg (e.d.) Gátlistar fyrir menntastefnu. Sótt 30. september 2020 af: <https://reykjavik.is/gatlistar-fyrir-menntastefnu>.

¹² Reykjavíkurborg (e.d.) Menntastefna Reykjavíkurborgar. Þróunarsjóður. Sótt 25. september 2020 af <https://menntastefna.is/throunarsjodur/>.

¹³ Reykjavíkurborg (2017, maí) Meðferð, afgreiðsla og eftirfylgni styrkja, samstarfs- og þjónustusamninga. Sótt 18. nóvember 2020 af https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/fms-ste-013_styrkjahandbok.pdf.

¹⁴ Stephanie Brill og Rachel Pepper (2019) Trans barnið. Handbók fyrir fjölskyldur og fagfólk. Reykjavík: Háskólaútgáfan; Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir (2017) Hvernig er tekið á fræðslu um kynja-jafnrétti í skólum? Athugun á viðhorfum, þekkingu og áhuga skólustjóra þriggja skólastiga. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun

¹⁵ Kolbrún Brund Sigurgeirsdóttir, Þórður Kristinsson og Þorgerður J. Einarsdóttir (2019) Kynlífsmenning framhaldsskólanema frá sjónarhorni ungra karla. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun.

¹⁶ Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Á. Jóhannesson (2011) Kynjajafnréttisfræðsla í skólum. Hindranir og tækifæri. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun.

Tillaga 6: Vinna gegn kynferðiseinelti

Þetta er gert með því að:

- a) endurskilgreina einelti út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og aðlaga í samræmi við það gátlista, aðgerðaáætlanir og verkferla. Mikilvægt er að taka á einelti og áreitni sem beinist að kynferði (kyni, kyngervi, kynvitund og kynhneigð) barna sérstaklega, en rannsóknir benda til þess að það sé viðtekið í skólamenningunni.¹⁷
- b) fræða allt starfsfólk um kynbundið ofbeldi, kynbundnar staðalímyndir, og kyn og margbreytileika.¹⁸ Jafnframt kynferðiseinelti og ólíkar birtingarmyndir þess, og áhrif kynferðis og valdastrúktúrs samfélagsins á einelti. Einelti á sér stað í samspili við það misrétti sem viðgengst í samfélaginu. Þjálfar þarf sérstaklega starfsfólk til að taka á mismunun og fordómum gagnvart fjölbreyttri kynvitund, kyntjáningu og kynhneigð. Forsendur til að breyta skólamenningu eru að skólastjórnendur, kennarar og annað starfsfólk skóla sé bæði meðvitað og hafi jafnframt verkfæri í farteskinu til að takast á við kynferðiseinelti.¹⁹
- c) þjálfa nemendur sérstaklega sem bera ábyrgð á jákvæðum skólabrag, s.s. í gegnum vinaliðaverkefnið og nemendaráð. Lagt er til að slík þjálfun verði hluti af lýðræðisþjálfun nemenda sem sitja í nemendaráðum.
- d) skima skólatengsl og leggja áherslur á kynjaðan veruleika nemenda. Sbr. tilraunaverkefni í Hólabrekkuskóla. Bregðast við niðurstöðum skimunarinnar.

Tillaga 7: Fjölga starfsfólki Jafnréttisskólans

Aðeins einn starfsmaður starfar fyrir Jafnréttisskólann. Hún ber ábyrgð á ráðgjöf og fræðslu um jafnréttismál til um 160 starfsstaða skóla- og frístundasviðs. Með fleira starfsfólki gæti Jafnréttisskólinn þjálfað upp starfsfólk sviðsins, þ.m.t. kennara, til að sinna jafnréttismenntun, tekið saman námsgögn fyrir ólík námsstig og unnið að forvarnarstarfi.

Til að geta sinnt jafnréttismenntun þurfa kennarar að fá fræðslu og þjálfun. Rannsóknir sýna að kennarar hljóti ekki nægilega mikla fræðslu til að takast á við verkefnið, en kennaranemar hafa kallað eftir auknum áherslum á kynjafræði í náminu.²⁰ Það er mikilvægt að bregðast við þessu meðal kennara sem hafa lokið námi, en rannsóknir benda til þess að þekking á jafnrétti sé að sumu leyti góð en ekki nægjanleg til að brjóta upp viðteknar hugmyndir, s.s. staðalímyndir kynjanna, eðlishyggju, tvíhyggju og gangkynhneigt forræði.²¹ Góður jarðvegur er fyrir slíka fræðslu, s.s. Sumarsmiðja kennara og í símenntunaráætlunum grunnskólanna. Jafnframt bjóða Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar og Samtökin '78 upp á fræðslu.

¹⁷ Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2018) Kynferðiseinelti og mótun kvenleikans í íslenski skólamenningu, Tímarit um uppeldi og menntun, 27(1): 43-64; Samtökin '78 Félag hinsegin fólks á Íslandi (2020) Könnun á líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfinu. Reykjavík: Samtökin '78.

¹⁸ Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Þórdís Þórðardóttir (2016) Kynjajafnrétti og kennaramenntun Ákall kennaranema um aukna fræðslu. Netla – Veffímarit um uppeldi og menntun.

¹⁹ Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2018); Brill og Pepper (2019).

²⁰ Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Þórdís Þórðardóttir (2016).

²¹ Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinnun Helga Lárusdóttir (2017); Ólöf Jónasdóttir (2020) Orðræður um kynjajafnrétti í menntun og skólastarfi. Óbirt M.Ed. ritgerð í grunnskólakennslu yngri barna við Háskóla Íslands; Ing Jón Ingvar Kjaran & Jukka Lehtonen (2018) Windows of opportunities: Nordic perspectives on sexual diversity in education, International Journal of Inclusive Education, 22(10): 1035-1047.

Tillaga 8: Fjölga jafnréttistengdum verkfærum í verkfærakistu menntastefnu Reykjavíkurborgar

Fjölga og bæta aðgengi að jafnréttistengdum verkfærum fyrir kennara og annað starfsfólk í verkfærakistu á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar, en þegar rannsóknin var unnin voru afar fá verkfæri í kistunni.²²

Tillaga 9: Átaksverkefni við að auka efni skólabókasafna um margbreytileika

Farið verði í átaksverkefni, jafnvel í samvinnu við Borgarbókasafnið, við að auka efni skólabókasafna þar sem bækur, tímarit og kvikmyndir um margbreytileika samfélagsins. Vöntun er á efni sem m.a. vekur athygli á fjölmenningu, þar sem fatlað fólk er sýnilegt og um hinsegin málefni, þar sem ódæmigerð kyntjáning, trans og flæðigerva einstaklingar eru í fyrirrúmi.²³ Til að vekja athygli og auðvelda aðgengi nemenda og starfsfólks að efni sem fjallar um margbreytileika væri hægt að merkja það sérstaklega, t.d. væri hægt að merkja efni um hinsegin málefni með regnbogalímmiða.

Tillaga 10: Brjóta upp kynjaðar staðalmyndir í náms- og starfsráðgjöf grunnskóla

Náms- og starfsráðgjafar hafa tækifæri til að koma í veg fyrir að ungt fólk velji sér nám og starf sem takmarkast af fyrirframgefnum hugmyndum um kynhlutverk. Þetta er gert m.a. með því að skipuleggja starfið út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Jafnréttisstofa, í samstarfi við Tallin-háskóla og Innove-stofnunina, gaf nýverið út leiðbeiningar fyrir starfsráðgjafa um hvernig ræða megi jafnrétti kynjanna og kynbundið starfsval í starfsráðgjöf.²⁴

Tillaga 11: Bæta aðgengi að öllu skólastarfi óháð atgervi og aðstæðum

Þetta skal gert með því að:

- a) gera byggingar grunnskóla Reykjavíkurborgar aðgengilegar fyrir alla í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Farið sé eftir aðgengisgátlistum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Handbók um hönnun skólaumhverfis með áherslu á jafnrétti og margbreytileika²⁵ við hönnun, byggingu og lagfæringu á skólabyggingum.
- b) umhverfi grunnskóla sé hannað og lagfært með það að leiðarljósi að öll börn fái að njóta skólalóða og leiktækja óháð atgervis. Viðmiðum með áherslu á jafnrétti og jafnt aðgengi verði bætt við þær leiðbeiningar sem unnið er að á skóla- og frístundasviði um hönnun, byggingu og lagfæringu á skólabyggingum til næstu ára.
- c) gera skólastarfið aðgengilegt öllum nemendum óháð fjárhagslegum aðstæðum. Allar skemmtanir, viðburðir og ferðir á vegum skólanna séu greiddar að fullu af skólunum.

²² Reykjavíkurborg (e.d.) Menntastefna Reykjavíkurborgar. Látum draumana rætast. Verkfærakista. Síðast sótt 25. september 2020 af <https://menntastefna.is>.

²³ Brill og Pepper (2019); Jón Ingvar Kjarran & Jukka Lehtonen (2018).

²⁴ Kinka, Pöld, Úmarik og Óun (2019) Leiðbeiningar fyrir starfsráðgjafa um hvernig ræða má jafnrétti kynjanna og kynbundið starfsval í starfsráðgjöf. Síðast sótt 17. nóvember 2020 af https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid_efni/break-leidbeiningar_fyrir_starfsradgjafa_jafnretti_kynbundid_starfsval.pdf.

²⁵ Handbókin var unnin í samstarfi Jafnréttisskóla skóla- og frístundasvis og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2020.

- d) brjóta upp hefðbundna kynjaskiptingu í skólaumhverfinu.²⁶ Breytt skipulag, t.d. á salernum og hópaskiptingu í sundi, geta skipt sköpum fyrir kynsegin fólk og brotið upp hugmyndir um staðalímyndir kynjanna.
- e) þróa frekari úrræði til að ná til þeirra 10% unglunga sem ekki taka þátt í einhvers konar frístundastarfi.²⁷ Festa í sessi verkefni sem hafa það að markmiði að styrkja félagslega stöðu unglunga, s.s. þróunarverkefnið Flotinn, sem hlaut styrk úr Þróunarsjóði menntastefnu skóla- og frístundasviðs.²⁸

Tillaga 12: Heimanám afnumið

Heimanám er líklegt til að ýta enn frekar undir ójafna stöðu barna. Börn búa við ólíkar aðstæður og ekki öll börn geta fengið stuðning heima fyrir við heimanám. Foreldrahópurinn er fjölbreyttur og ekki hafa allir getuna til að styðja börn sín með heimanám, s.s. vegna íslenskuþekkingar eða skortir tíma til að sinna þeirri vinnu, en margir foreldrar vinna langa vinnudaga. Jafnframt þarf að huga að vinnuálagi á börnum en starfsdagur barna, jafnt í skóla- og frístundastarfi, er nú þegar mjög langur.

Tillaga 13: Morgunmatur í boði í skólanum nemendum að kostnaðarlausu

Morgunmatur í boði nemendum að kostnaðarlausu getur stuðlað að því að bæta líkamlega og andlega líðan allra barna í skólanum, óháð fjárhagslegum aðstæðum á heimili þeirra.

Tillaga 14: Störf foreldra innan skólans endurspegli fjölbreyttan foreldrahóp

Skóla- og frístundasvið í samvinnu við Heimili og skóla – landssamtök foreldra, setji sér stefnu um hvernig megi auka þátttöku fjölbreyttari hóps foreldra í störfum innan grunnskóla Reykjavíkurborgar. Ólaunuð umönnunarvinna lendir frekar á herðum kvenna.²⁹ Það á einnig við um ólaunuð störf foreldra innan skólans. Gæta þarf að því að í stjórnnum foreldrafélaga og bekkjarfulltrúar séu foreldrar af öllum kynjum. Jafnframt þarf að huga að almennu aðgengi annarra foreldrahópa að þessum störfum, m.a. út frá tungumáli, aðgengi fatlaðs fólks og fjárhagslegum aðstæðum og tækifærum fólks. Til að framfylgja stefnunni væri m.a. hægt að fara í tímabundið átak til að jafna út ólaunaða umönnunarbyrði þar sem karlar eru sérstaklega hvattir til að taka aukinn þátt í störfum foreldra innan skólanna.

Tillaga 15: Tryggja að starfsfólk sem ekki talar íslensku geti sótt íslenskukennslu á vinnutíma

Tryggja það að starfsfólk í grunnskólum af erlendum uppruna geti sótt íslenskukennslu á vinnutíma sér að kostnaðarlausu. Góður jarðvegur er fyrir tungumálakennslu og stuðning við starfsfólk sem ekki talar íslensku, t.d. í grunnskólasprotum skóla- og frístundasviðs og í símenntunaráætlun grunnskólanna.

²⁶ Bergljót Þrastardóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson & Sirpa Lappalainen (2019) Walls, seats and the gymnasium: a social-material ethnography on gendered school space in an Icelandic compulsory school, *Ethnography and Education*, DOI: 10.1080/17457823.2019.1698306.

²⁷ Reykjavíkurborg (e.d.) Skóla- og frístundasvið. Sótt 11. apríl 2019 af <https://reykjavik.is/SFS>.

²⁸ Guðrún Kaldal og Andrea Marel (2020) Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð. Vettvangsstarf félagsmiðstöðva í Reykjavík. Erindi flutt á Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands 2. október 2020.

²⁹ Forsætisráðuneytið (2020) Jafnrétti 2020: Skýrsla forsætisráðherra um jafnréttismál 2018-2020. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.

Greinargerð: Skólastarf í kynjuðu og margbreytilegu samfélagi

Tillaga 1: Deililíkan fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar taki mið af fjölbreytileika samfélagsins

Börn í grunnskólum Reykjavíkurborgar eru fjölbreyttur hópur. Staða kynjanna er ólík og ójöfn og jafnframt er mikilvægt að draga fram að ýmis börn búa við margþætta mismunun, s.s. vegna kynvitundar, kynhneigðar, fötlunar, þjóðernis, húðlitar og stéttar. Börnin í borginni eru af minnst 97 þjóðernum og tala yfir 70 tungumál. Um 1.900 grunnskólanemar fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.³⁰ Samkvæmt skóla- og frístundasviði þá fær allt að fimmtungur nemenda einhverskonar sérkennslu á hverju skólaári, flestir vegna lestrar- og skriftarörðugleika.³¹ Þar að auki búa börn við misjafnar fjárhagslegar aðstæður, hér má nefna að atvinnuleysi hefur farið vaxandi í Reykjavík og einnig fjöldi þeirra heimila sem þurfa á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga að halda.³² Fólk með erlendan bakgrunn er líklegra til að vera atvinnulaust en fólk með íslenskan bakgrunn,³³ en það eykur á jaðarsetningu hóps sem er nú þegar jaðarsettur í íslensku samfélagi. Skipuleggja þarf skólastarf með það að leiðarljósi að allir nemendur eigi rétt á að stunda nám við sitt hæfi óháð atgervi og stöðu svo „öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs“.³⁴

Deililíkan grunnskóla er í endurskoðun, í samtölum kom fram að áætlað er að þeirri vinnu ljúki árið 2020.

Milli mála er próf sem leggur mat á íslenskunnáttu barna sem hafa annað móðurmál en íslensku, en skólarnir fá sérstaka úthlutun byggða á frammistöðu nemenda. Niðurstaða úr prófinu er flokkuð í þrjá flokka: rauðan, gulan og grænan. Af þeim tæplega 2.300 börnum í grunnskólum borgarinnar sem tóku prófið 2018 fengu tæplega 80% rauða niðurstöðu og 15% gula niðurstöðu. Það ár var úthlutun til grunnskóla 98.600 kr. fyrir hvert barn sem fær rauða niðurstöðu og 32.650 kr. fyrir barn sem fær gula niðurstöðu. Úthlutað var á sama grundvelli til sjálfstætt starfandi grunnskóla.³⁵ Miðja máls og læsis er þekkingarteymi ráðgjafa sem fara á vettvang og veita kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi stuðning, ráðgjöf og fræðslu. Skólarnir nýta sér þessa þjónustu. Aftur á móti voru stjórnendur samstarfsskólanna sammála um að þarna þyrfti að auka fjárhagslegan stuðning til skólanna. Ekki er hægt að mæta nemendum nægilega vel með þessum fjármunum, en tungumálakennslan krefst mikillar sérþekkingar. Umsjónarkennari hefur ekki tók á að sinna þeirri kennslu samhliða annarri kennslu í bekknum.

Í deililíkani grunnskólanna er úthlutað vegna sérstaks stuðnings við nemendur, annars vegar vegna almennrar sérkennslu og hins vegar vegna fatlaðra nemenda og nemenda með alvarlegar raskanir. Úthlutun vegna almennrar sérkennslu nær til nemenda með almenna og sértæka námsörðugleika. Gagnrýnisráddir hafa verið uppi um að núgildandi deililíkan sé of tengt greiningum nemenda, en talsverð bið er eftir greiningum.³⁶ Mikill kynjamunur er á ADHD greiningum, en talið er líklegt það sé vegna vangreiningar meðal stúlkna.³⁷ Stór hópur nemenda,

³⁰ Reykjavíkurborg (e.d.) Skóla- og frístundasvið. Sótt 11. apríl 2019 af <https://reykjavik.is/SFS>.

³¹ Reykjavíkurborg (e.d.) Sérkennsla. Sótt 11. apríl 2019 af <https://reykjavik.is/thjonusta/serkennsla>.

³² Vinnumálastofnun. (2020, október). Vinnumarkaðurinn á Íslandi. Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar. Sótt 30. nóvember 2020 af <https://vinnumalastofnun.is/media/2687/okt-2020-skyrsla.pdf>; Hagstofan (2020, 19. júní) Heimilum sem fá greidda fjárhagsaðstoð fjölgar á milli ára. Sótt 1. október 2020 af:

<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/felagsmal/felagsthjonusta-sveitarfelaga-2019/>

³³ Vinnumálastofnun. (2020, október).

³⁴ Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. (e.d.) Látum draumana rætast. Sótt 30. september 2020 af https://menntastefna.is/wp-content/uploads/2019/08/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf.

³⁵ Milli mála - tafla vor og haust 2018. Upplýsingar fengnar frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

³⁶ Viðtöl.

³⁷ Ingibjörg Karlsdóttir (2013); Brynjar Emilsson, Emil Einarsson og Sigurlín Hrund Kjartansdóttir (2009).

og sérstaklega drengja, er með greiningar og er það mun hærra en í löndunum sem við berum okkur saman við. Það gefur vísbendingar um að leitað sé eftir greiningum fyrir vandamálum sem mætti frekar flokka sem hegðunarvanda.

Nemenda/kennara hlutfallið (student/teacher ratio) er misjafnt eftir skólum. Út frá stöðugildum (og þá með stundakennurum) er hlutfallið best hjá Ingunnarskóla (12,8 nem per kennara) en verst hjá Hólabrekkuskóla (15,5 nem per kennara). Fyrir hvern nemanda á kennara í Ingunnarskóla eru 1,2 nemendur á kennara í Hólabrekkuskóla. Í Hólabrekkuskóla hafði nemendum fjölgað um 3,6% (18 nemendur) á milli árána 2017 og 2018. Í Háteigsskóla og Ingunnarskóla hafði fjöldi nemenda staðið nokkurn vegin í stað.³⁸

Tillaga 2: Efla móðurmálskennslu

Í viðtölum kom fram að skólarnir hafa hvorki fjármuni né sérþekkingu til að kenna móðurmál nemenda, þrátt fyrir að markmið grunnskólalaga er að stefna að virku tvítyngi. Margir nemendur nýta sér þjónustu Pólska skólans í Breiðholti, en fjölskyldur þurfa að greiða fyrir það nám.³⁹ Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar er með samstarfssamning og styrkir skólabókasafn samtakanna Móðurmál.⁴⁰

Tillaga 3: Efla jafnréttisáherslur í innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar

Menntastefna Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ byggir á fimm grundvallarþáttum: *félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði*.⁴¹ Kynja- og jafnréttissjónarmið eru ekki samþætt við menntastefnu Reykjavíkurborgar, en samkvæmt 23. gr. jafnréttislaga skal kynjasamþættingar vera gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla og uppeldisstarfi.

Skóla- og frístundasvið hefur útbúið gátlista fyrir starfsstaði til að meta og efla innleiðingu áhersluþátta menntastefnunnar.⁴² Gátlistum fyrir grunnskóla er skipt upp eftir fimm áhersluþáttum stefnunnar. Undir hverjum áhersluþætti eru sett fram viðmið og vísbendingar sem benda til þess að unnið sé að áhersluþættinum í grunnskólanum. Vísbendingarnar geta annars vegar komið fram í stefnu skólans (tilgreind 3-4 atriði undir hverjum áhersluþætti) og hins vegar viðmiðum um gæðastarf (19-23 undir hverjum áhersluþætti). Samtals 120 vísbendingar.⁴³ Innihaldsgreining leiddi í ljós að almennt er ekki litið til kynja- og jafnréttissjónarmiða:

- Margbreytileiki kemur fyrir í fjórum vísbendingum. Í viðmiðum um gæðastarf í áhersluþættinum *Félagsfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni*: „Nemendafélag er virkt og kosið er í það samkvæmt reglum félagsins (hvatt er til að fulltrúar endurspegli margbreytileika nemendahópsins); í áhersluþættinum *Læsi: Skilningur á samfélag og umhverfi*: „Unnið er með heimamenningu, margbreytileika og menningarläsi“; og í

³⁸ Upplýsingar frá skóla- og frístundasviði. Nemendafjöldi miðast við 1. október 2018. Starfsmannatölur miðast við maí 2019.

³⁹ Pólski skólinn í Reykjavík (e.d.) Pólski skólinn í Reykjavík. Sótt 30. september 2020 af <https://szkolapolska.is/szkola/polski-skolinn-i-reykjavik>.

⁴⁰ Reykjavíkurborg (19. ágúst 2020) Samningur við samtökin Móðurmál. Sótt 30. september 2020 af https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/4_til_afgreidslu_samningur_vid_samtokin_modurmál.pdf.

⁴¹ Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. (e.d.) Látum draumana rætast. Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030. Sótt af https://menntastefna.is/wp-content/uploads/2019/08/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf.

⁴² Reykjavíkurborg (e.d.) Gátlistar fyrir menntastefnu. Sótt 30. september 2020 af: <https://reykjavik.is/gatlistar-fyrir-menntastefnu>.

⁴³ Reykjavíkurborg (e.d.) Gátlisti fyrir grunnskóla. Sótt 30. september 2020 af: https://reykjavik.is/sites/default/files/gatlisti_grunnskoli_pdf_0.pdf.

áhersluþættinum *Heilbrigði: Heilbrigður lífstíll og vellíðan*: „Unnið er að því að skapa umræður/verkefni um heilbrigði, t.d. vellíðan, margbreytileika, svefn og hollan mat“ og „Virðing er fyrir margbreytileika mannlífsins“.

- Jafnrétti kemur aðeins fyrir í áhersluþættinum *Læsi: Skilningur á samfélag og umhverfi*: „Skólasafnið styður við lestrarnám og lestraráhuga nemenda með bókum og öðru efni sem valið er út frá gæðum, fjölbreytni, jafnrétti og menningu“.
- Jöfn tækifæri kemur aðeins fyrir í áhersluþættinum *Félagsfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni*: „Starfsfólk sér til þess að öll börn hafi jöfn tækifæri í námi og starfi“.
- Kynheilbrigði kemur aðeins fyrir í áhersluþættinum *Heilbrigði: Heilbrigður lífstíll og vellíðan*: „Lögð er áhersla á kynheilbrigði“.
- Engin vísbending inniheldur eftirfarandi leitarorð: Kyn, kynja, mannréttindi, kynjafræði, hinsegin, kynsegin, fötlun, uppruni.

Fjöldmörg tækifæri eru til að samþætta jafnréttissjónarmið í viðmiðum um gæðastarf í gátlista um stöðu innleiðingar menntastefnu, m.a. í viðmiðum fyrir félagsfærni, sjálfsefningu, læsi og heilbrigði.

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar býður grunnskólum og öðrum starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs í Reykjavík að sækja styrki vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna til að bregðast við áskorunum við innleiðingu menntastefnu. Í styrkumsókninni þarf að tilgreina hvernig markmið verkefnisins falla að jafnréttismarkmiðum Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Frá árinu 2019 hafa borist umsóknir fyrir 340 verkefni, upplýsingar um verkefnið eru ekki aðgengilegar á vefnum en titlar þeirra benda til þess að verkefnið sé mjög fjölbreytt. Það vekur athygli að aðeins eitt verkefni hefur „jafnrétti“ í titli verkefnisins.⁴⁴

Ingunnarskóli hefur fengið styrki til að innleiða og þróa verkefni frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og Menntamálaráðuneytinu. Greining á heitum þróunarverkefnanna gefur til kynna að grunnþættir aðalnámskrár eru í inntaki 21 af 31 verkefnanna sem hafa verið styrkt á árunum 2002-2018. Nú verkefni snertu heilbrigði og velferð, fjögur verkefni læsi, fjögur verkefni sköpun, þrjú lýðræði og mannréttindi og eitt sjálfbærni. Ekkert heiti verkefnanna var hægt að tengja við grunnþáttinn jafnrétti. Greining á heitum þróunarverkefnanna gefur til kynna að grundvallarþættir í menntastefnu Reykjavíkurborgar eru í inntaki 21 af 31 verkefnanna sem hafa verið styrkt á árunum 2002-2018. Nú snerta sjálfsefningu, fimm læsi, fjögur sköpun og þrjú félagsfærni. Enginn titill gefur til kynna tengsl við þá hópa sem eru tilgreindir í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.⁴⁵

Tillaga 4: Kynjafræði kennd í öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar

Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að markmið jafnréttismenntunar er að „skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnrétti“. Jafnframt að jafnréttismenntun feli í sér „gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra“.⁴⁶

⁴⁴ Reykjavíkurborg (e.d.) Menntastefna Reykjavíkurborgar. Þróunarsjóður. Síðast sótt 25. september 2020 af <https://menntastefna.is/throunarsjodur/>.

⁴⁵ Ingunnarskóli (e.d.) Þróunarverkefni. Sótt 23. maí 2019 af <http://ingunnarskoli.is/skolathroun-2/>.

⁴⁶ Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2013), bls. 21-22.

Skýr ákvæði um að kynjajafnréttiskennslu á öllum skólastigum hefur verið í jafnréttislögum frá árinu 1976. Gjá er á milli fræðanna, stefnu stjórnvalda og framkvæmdar í skólastarfinu, kynjajafnréttisfræðsla hefur aðallega byggst á frumkvæði einstaklinga án stofnanalegrar ábyrgðar og skammvinnum átaksverkefnum.⁴⁷

Jafnréttismenntun í grunnskólunum þremur er fremur ómarkviss. Ábyrgðin er á herðum kennara og náms- og starfsráðgjafa sem eiga að grípa tækifæri dagsdaglega, s.s. í lífsleikni eða samfélagsgreinum, frekar en að fræðslan sé skipulögð fyrir fram. Könnun meðal skólastjórnaenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu bendir til þess að þetta sé viðtekin nálgun á jafnréttismenntun.⁴⁸ Eitt af markmiðum í jafnréttisáætlun Ingunnarskóla er að nemendur fái fræðslu um jafnréttismál, til að stuðla að því markmiði eiga kennarar að gera grein fyrir því hvernig jafnréttisfræðslu vetrarins er háttað og útbúa skema fyrir hvern árgang um aðgerðir og sameiginlega viðburði. Ekki er unnið kerfisbundið að því að fylgja þessum aðgerðum eftir. Í Háteigsskóla sýndi einn kennari því mikinn áhuga á að fara af stað með kynjafræðikennslu, stjórnendur skólans samþykktu það og var kynjafræði kennd sem val á unglingsstigi veturinn 2018-2019. Veturinn 2019-2020 er kynjafræðikennslan hluti af kynheilbrigðisfræðslu sem allir árgangar á unglingsstigi fá í þrjár kennslustundir sem hluti af lífsleikni á haustönn. Í Hólabrekkuskóla er jafnréttisteymi sem ber ábyrgð á að skipuleggja viðburði, s.s. nemendapöng, á bóndadegi og umhverfisdegi. Á því fyrstnefnda er áhersla á lýðræðisþátttöku nemenda, en að öðru leiti er óljóst hvernig þessir viðburðir tengjast jafnrétti. Í öllum skólunum er góður jarðvegur og áhugi fyrir því að lyfta þeim námsþætti hærra. Miklar áherslur eru á lýðræði og félagsfærni, en til að þær áherslur þjóni öllum nemendum þarf að samþætta þær kynja- og margbreytileikasjónarmiðum.

Ungmennaráð Árbæjar og Holta, hefur farið fram á að Reykjavíkurborg sjái öllum ungmennum á aldrinum 12-16 ára fyrir jafnréttisfræðslu í grunnskólum frá og með hausti 2020 til koma í veg fyrir misrétti og spyrna gegn fordómum.⁴⁹ Í kjölfarið stofnaði Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð og skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar starfshóp sem á að leggja mat á stöðu kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi borgarinnar og koma með tillögur um hvernig megi auka og efla slíka fræðslu.⁵⁰

Í samstarfsskólunum er boðið upp á fjölbreyttar valgreinar fyrir nemendur í 8.-10. bekk. Stór hluti valgreina er í boði allt skólaárið, en misjafnt er hvort allir árgangar geti valið greinarnar. Þegar inntak námskeiðanna er metið út frá grundvallarþáttum í menntastefnu Reykjavíkurborgar þá vekur það athygli að algengast er að námskeiðin tengjast grundvallarþáttunum sköpun og heilbrigði (tafla 1).

⁴⁷ Ólöf Jónasdóttir (2020); Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Á. Jóhannesson (2011); Eygló Árnadóttir og Þorgerður Einarsdóttir (2010) Jafnréttisfræðsla í skólum: Frá dauðum lagabókstaf til jákvæðrar aðgerðarskyldu, Stjórnmal og stjórnsýsla, 1(6): 95-121.

⁴⁸ Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir (2017).

⁴⁹ Tillögur og greinargerðir vegna fundar ungmenna með borgarstjórn Reykjavíkur 12. maí 2020. Sótt 25. september 2020 af

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/tillogur_lokautgafa_2020_uppfaert.pdf.

⁵⁰ Mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráð (2020, 25. júní) Fundur nr. 22. <https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-22-5>.

Tafla 1: Inntak valnámsgreina út frá grundvallarþáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar

	Háteigsskóli	Hólabrekkuskóli	Ingunnarskóli
Félagsfærni	1	4	2
Sjálfsefning	1	1	1
Læsi	7	4	4
Sköpun	13	6	9
Heilbrigði	4	9	7
	26*	24**	23***

* Skólaárið 2020-2021

** Haustið 2020

*** Skólaárið 2019-2020, 3 annir

Þegar rýnt er í námskeiðislýsingarnar og þær bornar saman við grunnþætti aðalnámskrá þá vekur athygli að aðeins tvö valnámskeiðanna væri hægt að tengja við grunnþáttinn jafnrétti. Þetta eru námskeiðin *Kynfræðsla* og *Stelpur rokka!* Í Hólabrekkuskóla. Kynja- og jafnréttissjónarmið eru fléttuð við inntak þessara námskeiða og einnig er hægt að tengja efni þeirra við einhverja af þeim hópum sem eru tilgreindir í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Tillaga 5: Efla kynheilbrigðisfræðslu

Mikil þörf er á kynfræðslu til að búa ungt fólk undir að takast á við kynferðismál og til að vega upp á móti skaðlegum skilaboðum sem þau fá m.a. úr klámi.⁵¹ Kynheilbrigðisfræðslu er víða ábótavant og ungt fólk sem hefur tekið þátt í íslenskum rannsóknum óskar eftir umbótum.⁵² Rannsókn frá árinu 2015 á kynfræðslu í unglingadeildum í grunnskólum Reykjavíkur bendir til þess að gengið sé út frá gagnkynhneigð nemenda. Hinsegin kynhneigðir séu ávarpaðar að takmörkuðu leyti, en lítil sem engin umfjöllun er um hinsegin kynvitundir og ódæmigerð kynneinkenni.⁵³ Jafnframt eru vísbendingar um að fatlaðir nemendur fái ekki viðeigandi kynfræðslu.⁵⁴

Rannsóknir benda til þess að félagsþrýstingur og klám hefur áhrif á kynlífsmenningu ungs fólks. Kynlífsmenning er kynjuð og kynjuð valdatengsl eru þar jafnvel ýktari en á öðrum sviðum samfélagsins.⁵⁵ Gagnkynhneigð orðræða, sem byggð er á gagnkynhneigðu kynlífshandriti, klámi

⁵¹ Salvör Sæmundsdóttir (2018) "... This happens so fast, we just can't keep up". Case study on the gender-perspective in sexuality education in Iceland. Óbirt MA ritgerð í félagsráðgjöf við Lund Háskóla, Svíþjóð.

⁵² Salvör Sæmundsdóttir (2018); Lóa Guðrún Gísladóttir. (2018). „Virðing er mikilvæg svo báðum aðilum líði vel“ Eigindleg rannsókn á kynheilbrigði meðal ungra karlmannna. Óbirt MA ritgerð í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir (2015) „Strákar geta haft svo mikil völd.“ Upplifun stúlkna á kynlífsmenningu framhaldsskólanema. Óbirt MA ritgerð í kynjafræði við Háskóla Íslands; Rósa Björk Bergþórsdóttir (2014) „Já þú veist, það var sleppt þessum kafla.“ Um forsendur jafnréttis og kynfræðslu og fræðslu um klám og kynferðislegt ofbeldi í 6. og 7. bekk. Óbirt MA ritgerð í kynjafræði við Háskóla Íslands.

⁵³ Sólveig Rós Másdóttir (2015) Typpið mun finna þig: gagnkynhneigð, grunnskólinn og hinsegin kynfræðsla. Verkefni unnið í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar með styrk rá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Sótt 17. nóvember 2020 af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymsi_skjol/skjol_utgefid_efni/nyskopunarsjodsverkefni_solveig_ros_2015_2.pdf.

⁵⁴ Sveina Hjördís Þorvaldsdóttir (2020) „Kynlíf er bara einn partur af allskonar samskiptum“ Staða kynfræðslu í skólum á Íslandi. Óbirt BA ritgerð í félagsfræði við Háskóla Íslands.

⁵⁵ Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Þórður Kristinsson og Þorgerður J. Einarsdóttir (2019).

og kynhlutverkum, er í ósamræmi við orðræðuna um samþykki.⁵⁶ Stelpur upplifa mikinn þrýsting af hálfu samfélagsins, vina og stráka varðandi útlit, kynþokka, kynlíf og ákveðnar kynferðislegar athafnir.⁵⁷ Karlar verða fyrir miklum jafningaþrýstingi og eiga að vera ávallt reiðubúnir fyrir kynlíf.⁵⁸ Aftur á móti viðgangast tvöföld skilaboð í samfélaginu um kynhegðun stráka og stelpna, en stelpum er refsað fyrir kynhegðun sína með drusluskömm.⁵⁹ Kynferðisofbeldi í nánum samböndum unglunga er dulinn og viðtekinn vandi.⁶⁰ Fræða þarf ungmenni um upplýst samþykki, þar sem fjallað er um raunverulegt samþykki út frá valdamisræmi, þrýstingi og aðstæðum.

Lítill tími er skipulagður fyrir kynheilbrigðisfræðslu og algengt að kynheilbrigðisfræðsla sé alfarið í höndum hjúkrunarfræðinga og sem hluti af náttúrufræði, en það rýmar við stöðuna í fleiri skólum á Ísland.⁶¹ Rannsóknir benda til þess að í kynheilbrigðisfræðslu sé áherslan heldur neikvæð gagnvart kynlífi og fjallað er um slæmar afleiðingar kynsjúkdóma og óskipulagðrar þungunar.⁶² Í auknum mæli er kynheilbrigðisfræðsla til umfjöllunar í lífsleikni. Jafnframt fá skólarnir fræðslu sem er í boði hjá félagasamtökum og sjálfstætt starfandi fræðurum, s.s. Stígámótum og Siggú Dögg. Fræðslan er yfirleitt einungis eitt skipti og ekki myndast samfella. Þá eru nemendur að kalla eftir aukinni kynheilbrigðisfræðslu.⁶³

Jafnréttisskólinn leiðir VikuSex, en það er átak tileinkað kynheilbrigði sem fer fram í sjöttu viku ársins. Hver starfsstaður skóla- og frístundasviðs vinnur með kynheilbrigði í takt við aldur nemenda. Unglingar í Reykjavíkurborg velja saman þema fyrir vikuna, en póstkort er sent á alla nemendur í 9. bekk þar sem þeir fá það hlutverk að velja þema. Þemað fyrir árið 2020 var tilfinningar og samskipti. Verkefnisstjóri Jafnréttisskólans aðstoðar starfsfólk starfsstöðvanna við að finna námsefni og útbúa verkfærakistu sem tengist viðkomandi þema. Jafnframt vinnur Jafnréttisskólinn að tilraunaverkefni um kynheilbrigði í samstarfi við fjóra grunnskóla Reykjavíkurborgar. Í verkefninu er lögð er áhersla á aukna og fjölbreytta kynheilbrigðisfræðslu sem er í höndum skólahjúkrunarfræðings, kennara og frístundaráðgjafa. Í Háteigsskóla var kynheilbrigðisfræðsla endurskoðuð 2020 því hún var ekki að svara þörfum unglingsstigsins. Allir árgangar á unglingsstigi fá kynheilbrigðisfræðslu og kynjafræði í þrjár kennslustundir haustið 2020 sem hluti af lífsleikni. Auk þess sinnir skólaheilsugæslan skipulagðri heilbrigðisfræðslu, m.a. kynheilbrigðisfræðslu.⁶⁴ Áherslan í kynheilbrigðisfræðslu í lífsleikni er á jákvæðar hliðar kynlífs, sjálfsfróun, tilfinningar, margbreytileika líkama, kynhneigðir, staðalmyndir, samfélagslegan þrýsting, valdaójafnvægi, eittraða karlmennsku, mörk í samskiptum og klám. Í Hólabrekkuskóla er kynheilbrigðisfræðsla hluti af skipulagðri heilbrigðisfræðslu byggð á hugmyndafræðinni um 6-H heilsunnar sem er samstarfsverkefni heilsuverndar skólabarna og Lýðheilsustöðvar.⁶⁵ Jafnframt er kynfræðsla í boði sem valgrein haustið 2020 fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. Áhersla áfangans er á að fjalla um allt sem tengist kynlífi, s.s. um líkamann, samskipti, mörk, tilfinningar,

⁵⁶ Katrín Ólafsdóttir og Jón Ingvar Kjaran (2019) "Boys in Power" Consent and Gendered Power Dynamics in Sex. *Boyhood Studies*, 12(1): 38-56.

⁵⁷ Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir (2015).

⁵⁸ Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Þórður Kristinsson og Þorgerður J. Einarsdóttir (2019); Lóa Guðrún Gísladóttir (2018).

⁵⁹ Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir (2015); Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir (2015) Druslustimplun: „Þetta er ekki manneskja fyrir þér, þetta er bara netið“ Óbirt MA-ritgerð, Félags- og mannvísindadeild, Háskóli Íslands.

⁶⁰ Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir (2016) „Ég hélt bara að þetta ætti að vera svona“ Reynsla kvenna sem upplifðu kynferðisofbeldi í nánú sambandi sem unglingar. Óbirt MA-ritgerð í kynjafræði, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands.

⁶¹ Salvör Sæmundsdóttir (2018).

⁶² Salvör Sæmundsdóttir (2018).

⁶³ Niðurstaða nemendapings Hólabrekkuskóla 2019.

⁶⁴ Háteigsskóli (e.d.) Heilsugæsla. Sótt 23. maí 2019 af <https://hateigsskoli.is/studningur-2-2/heilsugaesla/>.

⁶⁵ Hólabrekkuskóli (2018) *Starfsáætlun 2018-2019*, bls. 70.

kynvitund og kynhneigð.⁶⁶ Ingunnarskóli mun taka þátt í fyrrnefndu tilraunaverkefni um kynheilbrigði frá og með hausti árið 2021.

Tillaga 6: Vinna gegn kynferðiseinelti

Jafnrétti, líkt og aðrir grunnþættir aðalnámskrár, eiga að endurspeglast í samskiptum og skólabrag grunnskóla.⁶⁷ Rannsóknir benda til þess að kynjamisrétti meðal unglinga sé hunsað innan skóla og að síður sé tekið á einelti eða áreitni sem beinist að kynferði brotaþola en öðru einelti. Kynferðiseinelti er einelti sem beinist að kynferði (kyni, kyngervi, kynvitund og kynhneigð) þess sem fyrir því verður, undir þeim formerkjum að viðkomandi fellur ekki að viðteknum hugmyndum um kvenleika eða karlmennsku. Kynferðiseinelti birtist m.a. í kynferðislegri áreitni og druslustimplun stelpna og stríðni/ofbeldi gegn hinsegin börnum og unglungum. Rannsóknir benda til þess að kynferðiseinelti sé viðtekið í skólamenningu ýmissa skóla.⁶⁸ Börn með ódæmigerða kyntjáningu og trans börn eru oft þolendur stríðni og eineltis.⁶⁹ Stór hluti hinsegin ungmenna á Íslandi upplifa óöryggi og verða fyrir áreitni í skóla vegna kynhneigðar þeirra, kyntjáningar eða annarra persónueinkenna.⁷⁰ Vinna þarf með skólamenninguna í heild til að taka á þessu og fyrirbyggja. Kynferðiseinelti hefur, líkt og annað einelti, alvarlegar afleiðingar, s.s. skömm, þunglyndi, einangrun og brotthvarf úr skóla.⁷¹

Karlmennskuhugmyndir og karlmenskukröfur hafa áhrif á líðan, sjálfsvitund og félagsfærni drengja. Drengir sem sýna tilfinningar, uppfylla ekki ráðandi karlmenskuhugmyndir um útlit, hegðun, hæfni eða áhugamál verða oft fyrir aðkasti.⁷² Þrátt fyrir að karlmenskuhugmyndir eru fjölbreyttari en áður, þá glæðir enn á hómófóbískum viðhorfum meðal ungra karla.⁷³ Karlmenskuhugmyndir ýta undir vanlíðan og einmanaleika sem brýst oft út í hegðunarvanda. Lykilatriði er að styrkja félagsleg tengsl innan skólakerfisins.⁷⁴ Karlmenskuhugmyndir hafa ekki aðeins skaðleg áhrif á einstaklinginn, heldur ýta þær undir ofbeldi karla, kynbundið ofbeldi og nauðganir.⁷⁵

Allir samstarfskólarnir leggja mikla áherslu á jákvæðan skólabrag og góð samskipti. Allir skólarnir leggja mikla áherslu á lýðræði, en nemendur sníða sér viðmið um hvað það feli í sér að vera þátttakandi í skólasamfélaginu, m.a. með sameiginlegum gildum bekkjarins eða persónuleg viðmið um hvernig þau vilji birtast sem námsfólk. Ýmislegt er gert til að stuðla að góðum skólabrag, s.s. vinaliðaverkefni og reglulegum samverum á sal. Í Hólabrekkuskóla er markvisst unnið að því að efla tengsl nemenda innan skólans með þróunarverkefni um skimun skólatengsla sem unnið er í samvinnu við Þjónustumiðstöð Breiðholts. Í kjölfar skimunar á tengslum nemenda

⁶⁶ Íris Hrund Hauksdóttir (2020) Hólabrekkuskóli. Valgreinar: Haust 2020.

⁶⁷ Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2013).

⁶⁸ Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2018).

⁶⁹ Brill og Pepper (2019).

⁷⁰ Samtökin '78 (2020).

⁷¹ Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2018); Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir (2015).

⁷² Þorsteinn V. Einarsson (2020) Karlmennskan, karlar og jafnrétti: Karlmenskuhugmyndir í frásögnum karla á Twitter og viðhorf karla til jafnréttis. Óbirt MA ritgerð í kynjafræði við Háskóla Íslands; Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2014). Inclusion, exclusion and the queering of spaces in two Icelandic upper secondary schools. *Ethnography and Education*, 10(1), 42-59; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) To teach boys and girls: a profeminist perspective on the boys' debate in Iceland, *Educational Review* 56(1), 33-42.

⁷³ Ásta Jóhannsdóttir og Ingólfur V. Gíslason (2018) Young Icelandic Men's Perception of Masculinities. *The Journal of Men's Studies*, 26(1), 3-19.

⁷⁴ Christian V. Mogensen (2020). Erindi flutt á en ég var einn, ráðstefnu Reykjavíkurborgar, Geðhjálp og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, 9. september 2020

⁷⁵ Ingólfur Á. Jóhannesson (2004); Þorgerður Einarsdóttir. (2006) Kynjakerfið: úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli? Í Úlfur Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII - Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006* (bls. 445-456). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

innbyrðis og við kennara er brugðist við m.a. með námskeiði um sjálfstyrkingu og valdeflingu, eftirfylgniviðtölum og einstaklingsúrræðum.⁷⁶ Samkvæmt stjórnenda mælast betri tengsl meðal nemenda á milli ára.⁷⁷

Reykjavíkurborg hefur gert leiðbeinandi gátlista fyrir þá sem vinna að gerð eineltisáætlna. Listanum er skipt upp í þrjá meginþætti: forvarnir, inngríp og eftirfylgd. Samkvæmt 30. gr. laga um grunnskóla eiga grunnskólar að hafa eineltisáætlun og setja sér skólareglur/samskiptareglur. Auk þess hvetur Reykjavíkurborg alla grunnskóla til að starfrækja eineltisteymi.⁷⁸ Allir þátttökuskólarnir hafa sett sér eineltisáætlun. Kynjaðar birtingarmyndir eineltis, s.s. kynferðiseinelti, eru fjarverandi í gátlistanum og áætlununum. Stjórnendurnir töluðu þó um að það væri tekið markvisst á kynferðislegri og kynbundinni áreitni og þegar nemendur láta í ljós kvenfyrirlitningu og fordóma, s.s. niðrandi orðfæri gagnvart hinsegin fólki og brúnu fólki. Það er brugðist við með því að ræða við viðkomandi og senda skýr skilaboð um að þetta sé ekki liðið. Aftur á móti benda rannsóknir til þess að kynjamisrétti meðal unglinga sé hunsað innan skóla og að síður sé tekið á einelti eða áreitni sem beinist að kynferði brotaþola en öðru einelti.⁷⁹

Tillaga 7: Fjölga starfsfólki Jafnréttisskólans

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir er verkefnisstýra Jafnréttisskólans. Hún veitir yfir 160 starfstöðum skóla- og frístundasviðs, stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf og stuðning og sinnir fræðslu fyrir starfsmannahópa og nemendahópa í tengslum við jafnréttismál. Fræðslan er fjölbreytt, en hún tekur á jafnréttismálum almennt, kynheilbrigði, klámi og óheilbrigðum samskiptum, forréttindi og mismunun, líkamsvirðingu og hinsegin málefni. Kolbrún er verkefnisstjóri yfir tilraunaverkefni um kynheilbrigði, þar sem hún er með námskeið fyrir starfsfólk, veitir því stuðning og safnar viðeigandi námsgögnum. Kolbrún leiðir ráðgjafateymi um kynferðislega áreitni og ofbeldi, en mikið af stjórnendum og starfsfólki skóla leita þangað vegna mála sem þarfnast skjótra viðbragða. Allir samstarfsskólarnir höfðu fengið Kolbrúnu á fræðslufund meðal starfsfólks. Kolbrún er góðu samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, m.a. í tengslum við trans og hinsegin málefni. Í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og aðra aðila var farið af stað með þróunarverkefnið *Opinskátt um ofbeldi*. Árið 2018 voru veittar 10 milljónir, á grundvelli aðgerðaráætlunar Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2018-2020, til að fylgja verkefninu eftir, setja verkferla um viðbrögð vegna gruns um ofbeldi, og vinna veggspjöld og fræðsluefni. Verkefnið hefur dregist á langinn, en er nú á ábyrgð starfsmanns á skóla- og frístundasviði.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar býður upp á fræðslu, m.a. um mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, jafnrétti kynjanna, heimilisofbeldi, hinsegin málefni og trans börn. Sérfræðingar á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sinna fræðslunni, en hún er ókeypiss fyrir allar starfstöðvar Reykjavíkurborgar. Enginn samstarfsskólanna hafði fengið fræðslu frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, en það er sjaldgæft að skólar nýti sér það stuðningsúrræði. Á vef skrifstofunnar er ógrynni af upplýsingum, fræðsluefni og gátlistum fyrir

⁷⁶ Hjördís Þórðardóttir (e.d.) Heildaráætlun Hólabrekkuskóla 2019-2020 (kynning).

⁷⁷ Ingunnarskóli (e.d.) Þróunarverkefni. Sótt 23. maí 2019 af <http://ingunnarskoli.is/skolathroun-2/>.

⁷⁸ Reykjavíkurborg (e.d.) Gátlisti vegna eineltis. Síðast sótt 29. september 2020 af <https://reykjavik.is/gatlisti-vegna-eineltis>.

⁷⁹ Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2018).

skóla, s.s. um hinsegin börn⁸⁰ og trans börn.⁸¹ Auk þess býður skrifstofan upp á ráðgjöf, m.a. þegar trans barn kemur út í skólanum, og þá oft í samvinnu við verkefnisstýru Jafnréttisskólans.

Reykjavíkurborg er með þjónustusamning við Samtökin '78. Allir samstarfsskólarnir höfðu nýtt sér þessa fræðslu. Það vakti athygli að í einum skólanum var brugðist skjótt við þegar barn kom út sem trans í skólanum, en þá fékk allt starfsfólk og nemendur fræðslu frá Samtökunum. Það er mikilvægt að slík fræðsla fari fram reglulega, en ekki aðeins þegar barn er að koma út sem trans. Með þeim hætti er hægt að fyrirbyggja að börn sem vilja komi út sem trans séu jaðarsett og stuðla að jákvæðu viðhorfi til hinsegin fólks innan skólasamfélagsins, jafnt meðal nemenda og kennara. Könnun meðal hinsegin ungmenna á Íslandi bendir til þess að styðjandi starfsfólk sé lykll að jákvæðri upplifun hinsegin nemenda af skóla og að öruggu námsumhverfi fyrir alla nemendur.⁸² Til að stuðla að því þarf að bjóða reglulega upp á hinsegin fræðslu.

Kennurum í grunnskólum Reykjavíkurborgar stendur til boða að sækja námskeið í ágúst mánuði ár hvert.⁸³ Í töflu 2 má sjá greiningu á inntaki námskeiðislýsinga fyrir sumarsmiðjur í ágúst 2019 út frá grundvallarþáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar og grunnþáttum aðalnámskrár, en í sumum tilfellum var hægt að tengja námskeið við fleiri en einn grundvallarþátt eða grunnþátt. Jafnrétti er ekki sérstaklega tilgreint sem grundvallarþáttur í menntastefnu borgarinnar, en jafnréttissjónarmið eiga að vera samþætt öllum grundvallarþáttum.⁸⁴ Í sex af 26 námskeiðum var grunnþátturinn *jafnrétti* til umfjöllunar: *Kennsla í margbreytilegum bekk; Virkjum hópinn – Árangursríkar og lýðræðislegar aðferðir sem ýta undir jákvæðan bekkjarbrag; Réttindi barna, barnþing og lýðræði í skólastarfi með tilliti til margbreytileika; Félagssfærni og sjálfsefning; Áhrif klámáhorfs og klámvæðingar á viðhorf og samskipti í nemendahópum; og Menntastefna Reykjavíkur – látum draumana rætast.*

Tafla 2: Inntak námskeiðislýsinga í Sumarsmiðju kennara ágúst 2019 og grundvallarþættir menntastefnu Reykjavíkurborgar og grunnþættir aðalnámskrár

Grundvallarþættir Reykjavíkurborgar	menntastefnu	Fjöldi námskeiða	Grunnþættir aðalnámskrár	Fjöldi námskeiða
Félagssfærni		7	Læsi	4
Sjálfsefning		7	Sjálfbærni	5
Læsi		8	Heilbrigði og velferð	5
Sköpun		7	Lýðræði og mannréttindi	5
Heilbrigði		5	Jafnrétti	6
			Sköpun	7

Í töflu 3 má sjá að í þriðjungu námskeiða var inntak námskeiðislýsinga í Sumarsmiðju kennara tengd við þá hópa sem eru tilgreindir í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Aftur á móti má sjá að í aðeins einu námskeiði, *Áhrif klámáhorfs og klámvæðingar á viðhorf og samskipti í nemendahópum*, var kynja- og jafnréttissjónarmiðum flétt saman við fræðsluna. Samkvæmt upplýsingum frá Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar þá var haldin sumarsmiðja í ágúst 2020 um hinseginvæna skóla, en aðeins fámennur hópur tók þátt í smiðjunni.

⁸⁰ Reykjavíkurborg (e.d.) Hinsegin börn og skólar. Síðast sótt 29. september 2020 af <https://reykjavik.is/hinsegin-born-og-skolar>

⁸¹ Reykjavíkurborg (e.d.) Trans börn og skólar. Síðast sótt 29. september 2020 af <https://reykjavik.is/trans-born-og-skolar>

⁸² Samtökin '78 (2020).

⁸³ Reykjavíkurborg (2019, 31. maí). Sumarsmiðjur kennara 2019. Sótt 2. júlí 2019 af <https://reykjavik.is/frettir/sumarsmidjur-kennara-2019>

⁸⁴ Viðtal.

Tafla 3: Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar og/eða jafnréttissjónarmið samþætt við inntak námskeiðslýsinga í Sumarsmiðju kennara

Efni tengt við mannréttindastefnu RVK?	af hópum sem eru tilgreindir í		(Kynja)jafnréttissjónarmið flétt við fræðsluna?	
Já	8	31%	1	4%
Nei	18	69%	25	96%
<i>Samtals</i>	<i>26</i>	<i>100%</i>	<i>26</i>	<i>100%</i>

Grunnskólasprotar eru námskeið fyrir annað starfsfólk grunnskóla Reykjavíkurborgar. Ráðgert var að hafa átta námskeið í ágúst 2020, en þeim hefur verið frestað um óákveðinn tíma vegna heimsfaraldurs Covid-19. Tvö af námskeiðunum tengjast jafnréttissjónarmiðum: *Opinskátt um ofbeldi og einelti og áreitni á vinnustað*. Síðarnefnda námskeiðið er í boði á þremur tungumálum: íslensku, ensku og pólsku.⁸⁵

Skólarnir hafa símenntunaráætlun og eiga kennarar og starfsfólk að sækja ákveðna fræðslu á vinnutíma.

Tillaga 8: Fjölga jafnréttistengdum verkfærum í verkfærakistu menntastefnu Reykjavíkurborgar

Á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar er að finna verkfærakistu með ýmsu efni tengdu menntastefnunni, s.s. verkefni, kveikjur, myndbönd og fræðilegt efni, og fyrir ólíka markhópa. Í verkefnakistunni eru 346 verkfæri. Athygli vekur að aðeins níu verkfæri eru skráð undir flokknum „jafnrétti“, tvö skráð sem „hinsegin“ og eitt skráð sem „trans“. Engin verkfæri koma upp þegar leitað er eftir „forréttindi“ og „misrétti“.⁸⁶ Samkvæmt upplýsingum frá Skóla- og frístundasviði þá áttu jafnréttistengd verkfæri fyrst og fremst að vera á vefsíðu Jafnréttistorgs (www.jafnréttistorg.is), en það var kennsluvefur, hugmyndabanki og fréttavefur um jafnréttismál á vegum sviðsins. Síðan var hökkuð og jafnréttisverkfærin sem hún hýsti skemmd. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvernig eigi að birta jafnréttistengd verkfæri.

Tillaga 9: Átaksverkefni við að auka efni skólabókasafna um margbreytileika

Auka þarf aðgengi nemenda og kennara að bókum, tímaritum og kvikmyndum um margbreytileika samfélagsins, en mikilvægt er að öll börn geti að einhverju leyti speglað tilveru sína í námsefni grunnskólanna. Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði þá er skortir verulega upp á bókakost, tímarit og kvikmyndir sem vekja athygli á t.d. fjölmenningu, þar sem fatlað fólk er sýnilegt og hinsegin málefnum, þar sem ódæmigerð kyntjáníng, trans og flæðigerva einstaklingar eru í fyrirrúmi.⁸⁷ Haustið 2020 kom tillaga frá nemanda í Háteigsskóla um að merkja bækur sem snerta á hinsegin málefnum með regnbogalímmiða, en því var hrint í framkvæmd strax af stjórnendum skólans.

⁸⁵ Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið (e.d.) *Starfsþróun*. Síðast sótt 14. október 2020 af <https://menntastefna.is/starfsthroun/>

⁸⁶ Reykjavíkurborg (e.d.) Menntastefna Reykjavíkurborgar. Látum draumana rætast. Síðast sótt 25. september 2020 af <https://menntastefna.is>.

⁸⁷ Brill og Pepper (2019); Jón Ingvar Kjarran & Jukka Lehtonen (2018).

Tillaga 10: Brjóta upp kynjaðar staðalmyndir í náms- og starfsráðgjöf grunnskóla

Náms- og starfsráðgjafar sinna náms- og starfsfræðslu. Ábyrgðin á að brjóta upp kynjað náms- og starfsval er því oft sett á þeirra herðar. Það fer eftir áherslum hvers og eins náms- og starfsráðgjafa en það virðast vera erfiðleikar við að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við náms- og starfsfræðslu. Ýmislegt er þó gert, má m.a. nefna þátttöku Félags fagkvenna, en félagið hefur það að markmiði að kynna ýmis iðnstörf sem talin eru vera karllæg og reyna að slá á staðalmyndir, á árlegri Starfamessu í Hólabrekkuskóla. Á starfamessunni kynna foreldrar og hollvinir skólans jafnframt störf sín fyrir nemendum. Í framhaldi af Starfamessu tekur við 6 vikna löng þemavinna hjá elsta skólastiginu sem fjallar um nám og störf. Nemendur velja sér eitt starf sem vekur áhuga þeirra og dvelja hluta af degi á vinnustaðnum.⁸⁸

Kynjaðar birtingarmyndir birtast í félags- og tómskundastarfi nemenda. Stúlkur eru mun frekar í stjórn nemendafélaga, en félögin skipuleggja og framkvæma ferðir, skemmtanir, fjáröflun o.fl.⁸⁹ Aðeins í Háteigsskóla fengust upplýsingar um starfandi nefndir tengdar félags- og tómskundastarfi. Nefndirnar endurspeglar ákveðin kynjamynstur. Jöfn þátttaka drengja og stúlkna var í árshátíðarnefnd og skemmti- og fjölmiðlanefnd. Aftur á móti voru aðeins drengir í tónlistarnefnd og í meirihluta í íþróttarnefnd. Stúlkur voru í meirihluta í auglýsinga- og skreytinganefnd.⁹⁰

Tillaga 11: Bæta aðgengi að öllu skólastarfi óháð atgervi og aðstæðum

Reykjavíkurborg greiðir fyrir kostnað af túlkabjónustu fyrir foreldra á fundum og öðrum viðburðum á vegum skólanna.

Skólarnir hafa nýtt sér utanaðkomandi sérfræðibjónustu, s.s. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, til að undirbúa móttöku blindra, sjónskertra og heyrnarskerta nemenda. Skólarnir eru ekki sniðnir að þessum nemendahópi, en aftur á móti er umhverfið aðlagð þegar þörf er á því.

Í borgarráði hefur verið umræða um stöðu fátækra barna í Reykjavík, sérstaklega uppsagnir á þjónustu frístundaheimila vegna vanskila og kostnað forráðamanna vegna skemmtana, viðburða og ferða á vegum grunnskólanna.⁹¹ Í niðurstöðum greiningar skóla- og frístundasviðs á greiðslu þátttökugjalda á ýmsum viðburðum tengdum skólum borgarinnar kemur fram að skólar greiða yfirleitt kostnað vegna ferðalaga og viðburða. Af 36 skólum þurfa forráðamenn að greiða kostnað af ferðum nemenda í fimm skólum, vegna árshátíðar í tíu skólum og vegna sumarhátíðar í þremur skólum.⁹² Samkvæmt upplýsingum frá Skóla- og frístundasviði þá er engu barni sagt upp í mötuneyti eða frístund. Innan skólanna er starfsfólk vakandi fyrir stöðu barna á heimilum þar sem fjármagn er af skornum skammti. Börnum í þeirri stöðu er ekki vísað frá í mat og býðst skólinn oft til að greiða viðbótarkostnað í tengslum við skemmtanir og ferðalög. Sá kostnaður er

⁸⁸ Hólabrekkuskóli (e.d.) Frá náms- og starfsráðgjafi Hólabrekkuskóla: Forvarnir og færðsla fyrir nemendur skólaárið 2018-2019.

⁸⁹ Hólabrekkuskóli. (e.d.) Nemendafélag Hólabrekkuskóla: Almennar upplýsingar. Sótt 27. maí 2019 af <https://holabrekkuskoli.is/nemendur-3/nemendarad/>; Ingunnarskóli (e.d.) Nemendafélag. Sótt 23. maí 2019 af <http://ingunnarskoli.is/nemendur-3/nemendarad/>; Háteigsskóli (e.d.) Nemendaráð Háteigsskóla: Almennar upplýsingar. Sótt 23. maí 2019 af <https://hateigsskoli.is/nemendur-3/nemendarad/>.

⁹⁰ Háteigsskóli (e.d.) Nemendaráð Háteigsskóla: Almennar upplýsingar. Sótt 23. maí 2019 af <https://hateigsskoli.is/nemendur-3/nemendarad/>.

⁹¹ Borgarráð (27. ágúst 2020). Fundargerð 5596. Fundar borgarráðs. Sótt 30. september 2020 af https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/12_7_1_borgarrad_2708.pdf.

⁹² Reykjavíkurborg (2020) Umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að bæta réttindi barna á Íslandi (VEL2020060021; SFS2020060160).

ýmist fjármagnaður úr sjóðum skólans, af foreldrafélaginu eða leitað út fyrir skólasamfélagið, m.a. til samtakanna Hrói höttur og velunnara.

Nýleg íslensk rannsókn bendir til þess að skólaumhverfið sé mjög skipulagt eftir kynjatlíhyggju, sem ýtir undir stofnanabundin kynjuð valdatengsl og gagnkynhneigð viðmið sem hefur áhrif á kynþjáningu nemenda, samskipti, sætaval og tækifæri til að láta í sér heyra. Kennarar viðhalda hefðbundinni kynjaskiptingu sem hefur hamlandi áhrif á tækifæri nemenda í skólastofunni og öðrum rýmum skólans.⁹³ Í Hólabrekkuskóla er verið að taka skref til að afnema kynjatlíhyggju með því að skipta nemendum ekki upp í hópa í sundi eftir kyni og salerni eru nú ætluð öllum nemendum.

Tillaga 12: Heimanám afnumið

Mikil áhersla er á heimalestur sem hluta af heimanámi hjá öllum skólunum. Í Ingunnarskóla fá nemendur áætlun fyrir vikuna, ef nemendur ljúka ekki áætlunum í skólanum þá eiga þau að vinna það heima. Jafnframt geta komið upp tilfallandi verkefni. Ef aðstæðum er þannig háttáð hjá barni að enginn geti fylgst með lestri á heimilinu þá hafa þau í einhverjum tilfellum annaðhvort fest stuðningsfulltrúa til að sjá um heimalesturinn eða kennari á bókasafni hefur hlustað á viðkomandi, daglega eða þrisvar í viku. Í Hólabrekkuskóla er heimanámsaðstoð í vali fyrir 8.-10. bekk. Í Háteigsskóla er lagt mikið upp úr því að hvetja nemendur til að klára vinnuna sína í skólanum. Skólinn hefur verið í sambandi við aðila sem bjóða upp á heimanámsaðstoð, s.s. Rauða Krossinn og bókasafnið.

Skólasamfélagið og fjölskyldur, líkt og samfélagið allt, hafa þurft að takast á við heimsfaraldur Covid-19. Draga má lærdóm af breyttum aðstæðum, en rannsókn meðal stjórnenda og kennara í grunnskólum bendir til þess að mikið álag jókst á heimilum í fyrstu bylgju heimsfaraldurs Covid-19. Aðstæður voru erfiðastar fyrir nemendur viðkvæmum hópum. Ekki öll börn búa við þær aðstæður að geta notið stuðnings foreldra í heimanámi og ekki búa öll börn við aðgengi að tölvum, sérstaklega ef fleiri á heimilinu þurfa að nýta þær við nám og störf.⁹⁴

Skóla- og frístundasvið, í samvinnu við grunnskóla Reykjavíkurborgar, vann að því að styðja við bakið á viðkvæmum hópum, m.a. að vakta og bregðast við skólaforðun og afskráningu í skólamáltíðum⁹⁵. Kennarar voru vakandi fyrir ofbeldi og vanrækslu, og ef að áhyggjur kviknuðu þá var brugðist við m.a. með því hringja í nemendur. Gríðarlega mikið álag er inn á heimilum og í mörgum tilfellum þurftu foreldrar að fara í hlutverk kennara (sem er fimm ára háskólanám). Því er dýrmætt að gríðarlegur árangur náðist í fjarnámi og aukinni notkun forrita eins og Google classroom. Aftur á móti er enn verk að vinna þegar kemur að fjarnámi á yngstu stigum, en ekki öll börn sýndu virkni í þeim tilfellum þar sem nemendur fengu verkefni send heim. Háteigsskóli þurfti að loka í tvær vikur og var farið af stað með fjarnám í öllum skólanum. Á yngstu stígunum var kennari með opinn fjarfundarbúnað og skipulagða kennslu milli kl. 10:00–14:00, en upplifun stjórnenda var jákvæð og töldu þær að með því að bjóða upp á skipulagt starf í ákveðinn tíma á hverjum degi hafi létt á heimilunum.

⁹³ Bergljót Þrastardóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Sirpa Lappalainen (2019).

⁹⁴ Kristín Jónsdóttir (2020) Tengslin við heimilin trosnuðu merkilega lítið: Frá sjónarhorni stjórnenda og grunnskólakennara. Erindi flutt á Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, 1. október 2020.

⁹⁵ Helgi Grímsson (24. ágúst 2020) Kastljós, RÚV.

Tillaga 13: Morgunmatur í boði í skólanum nemendum að kostnaðarlausu

Í Ingunnarskóla gefst nemendum kostur á að fá hafragraut að kostnaðarlausu í upphafi skóladags og eru margir sem nýta sér það.

Tillaga 14: Störf foreldra innan skólans endurspeglir fjölbreyttan foreldrahóp

Umönnunarábyrgð er mikil á Íslandi, sérstaklega meðal kvenna. Ólaunuð umönnunarvinna, s.s. uppeldi barna og heimilisverk, lendir frekar á herðum kvenna. Vísbindingar eru um að konur sinni frekar ólaunaðri vinnu í tengslum við umönnun og uppeldi barna sinna.⁹⁶ Þetta má m.a. sjá að konur sinna í mun meira mæli ólaunuðum störfum foreldra innan skóla, s.s. í foreldrafélagi og sem bekkjarfulltrúar.

Mikið er lagt upp úr góðum tengslum milli heimila og skóla. Í öllum skólunum er starfandi foreldrafélag og í öllum bekkjum er bekkjarfulltrúi. Líkt og sjá má á töflu 4 þá sinna konur þessum störfum í mun meira mæli en karlar.

Tafla 4: Þátttaka í foreldrafélagi og bekkjarfulltrúar eftir kyni foreldra

	Foreldrafélag		Bekkarfulltrúar	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Hólabrekkuskóli ⁹⁷	1 (10%)	9 (90%)	1 (3%)	34 (97%)
Ingunnarskóli ⁹⁸	2 (33%)	4 (66%)	4 (15%)	22 (85%)
Háteigsskóli ⁹⁹	1 (20%)	4 (80%)	11 (22%)	38 (78%)

Jafnframt má velta fyrir sér aðgengi annarra foreldrahópa að þessum störfum, s.s. út frá tungumáli, aðgengi fatlaðs fólks og fjárhagslegum aðstæðum og tækifærum fólks. Ekki var unnt að afla upplýsinga um þessa þætti. Aftur á móti leiðir greining á nöfnum foreldra sem eru bekkjarfulltrúar eða sitja í ofangreindum foreldrafélögum skólanna í ljós að aðeins fjórir foreldrar af 131 (3%) báru nafn sem virtist vera erlent, þ.e.a.s. nafn sem endaði ekki á dóttir eða sonur eða var ekki íslenskt ættarnafn.

Tillaga 15: Tryggja að starfsfólk sem ekki talar íslensku geti sótt íslenskukennslu á vinnutíma

Skv. grein 9.2.3 í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á starfsfólki borgarinnar af erlendum uppruna að vera gefinn kostur á starfstengdu íslenskunámi og tryggja skal að starfsfólk viti af þessu námstilboði. Í viðtölum við skólana og skóla- og frístundasvið kom fram að þekking á þeim rétti sé misgóð og því ber að bæta. Mikilvægt er því að allt starfsfólk grunnskóla sem ekki tali íslensku sé upplýst um sinn rétt á því að sækja sér íslenskukennslu og að vinnustaðurinn tryggi að þeim rétti sé framfylgt.


⁹⁶ Forsætisráðuneytið (2020).


⁹⁷ Hólabrekkuskóli (2018) *Starfsáætlun 2018-2019*, bls. 59-61.

⁹⁸ Ingunnarskóli (e.d.) Foreldrafélag Ingunnarskóla. Sótt 23. maí 2019 af <http://ingunnarskoli.is/foreldrar/foreldrafelagid-2/>. Ingunnarskóli (e.d.) Bekkarfulltrúar. Sótt 23. maí 2019 af <http://ingunnarskoli.is/foreldrar/bekkarfulltruar/>.


⁹⁹ Háteigsskóli (e.d.) Foreldrasamstarf Sótt 23. maí 2019 af <https://hateigsskoli.is/foreldrar/foreldrasamstarf/>.

Viðauki I – gagnaöflun fasi 1





Upplýsingar frá skólunum þremur



Yfirlit yfir aðgengileg gögn og tillögur að frekari upplýsingum - 14/05/2019 - Mindjet

Viðauki II – gagnaöflun fasi 2

Gagnaöflunm fyrirliiggjandi gögn Skóla- og frístundasvið

Miðað er við almanaksárið 2018, skólaárið 2018-2019

Gögn og upplýsingar gerðar aðgengilegar fyrir rannsaknada:	Já	Nei	Athugasemd
Stefna/líkan um útteiling fjármagns til grunnskóla			
Upplýsingar um forsendur líkansins: almenn úthlutun; sérkennsla og sértækur stuðningur, stuðningur við nemendur sem hafa ekki íslensku að móðurmáli, o.s.frv. (Er verið að endurskoða líkanið? Ef svo, hvernig er stefnt að því að endurskoða það?)	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Upplýsingar um á hvaða forsendum fjármunum er úthlutað til Háteigsskóla, Hólabrekkuskóla og Ingunnarskóla	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Úthlutun til Háteigsskóla, Hólabrekkuskóla og Ingunnarskóla v/ almennrar sérkennslu e. kyni, aldurstigi (yngsta, miðsstig og elsta stig) og erfiðleikum (almennir námserfiðleikar, sértækir námserfiðleikar (stærðfræði, lestur, málproski, o.fl.), ADHD og hegðunarerfiðleikar, félagslegir og tilfinningarlegir erfiðleikar, annað, með fjölþættan vanda (til að koma í veg fyrir tvískráningar))	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Úthlutun til Háteigsskóla, Hólabrekkuskóla og Ingunnarskóla v/ fatlaðra nemenda og nemenda með alvarlegar raskanir e. kyni, aldurstigi (yngsta, miðsstig og elsta stig), skiptingu raskana/fatlana og tegund úthlutunar (námslegar þarfir, félagslegar þarfir og dagleg umönnun) (úthlutunarlisti)	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Úthlutun til Háteigsskóla, Hólabrekkuskóla og Ingunnarskóla vegna barna sem eru ekki með íslensku sem móðurmál	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Fjárhagsáætlunir og uppgjör (áætlun vs. raunkostnaður) Háteigsskóla, Hólabrekkuskóla og Ingunnarskóla			
Aðrar upplýsingar sem gætu komið sér vel í verkefninu?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	Ef svo, hvað?
Lýðfræðilegir og félagslegir þættir			
Tölulegar upplýsingar um lýðfræðilega og félagslega þætti í skólahverfum Háteigsskóla, Hólabrekkuskóla og Ingunnarskóla	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Aðrar kannanir og skimanir á vegum Reykjavíkurborgar?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins og fræðsla			
Upplýsingar um þá þjónustu og ráðgjöf sem er í boði hjá SFS	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Upplýsingar um þá þjónustu og ráðgjöf sem Háteigsskóli, Hólabrekkuskóli og Ingunnarskóli hafa þegið	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Upplýsingar um þá fræðslu sem er í boði (t.d. Fræðsludagskrá SFS)	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Upplýsingar um þá fræðslu sem Háteigsskóli, Hólabrekkuskóli og Ingunnarskóli hafa þegið	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Önnur þjónusta, ráðgjöf og fræðsla sem vert að skoða?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	Ef svo, hvað?
Upplýsingar um starfsfólk Háteigsskóla, Hólabrekkuskóla og Ingunnarskóla			
Starfsmenn eftir stöðu, stöðugildi og kyni og þeim margbreytileikaþáttum sem eru aðgengilegir, s.s. erlendur uppruni.	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Upplýsingar um menntun og sérhæfingu starfsmanna	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Upplýsingar um nemendur Háteigsskóla, Hólabrekkuskóla og Ingunnarskóla			
Fjöldi nemenda í bekkjum eftir kyni	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	
Nemendur e. aðgengilegum margbreytileikaþáttum, s.s. ekki með íslensku sem fyrsta mál, fötlun, sem þurfa sérstakan stuðning náms- og/eða félagslega	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei	